



## Fly Play hf.: Uppgjör 1. ársfjórðungs 2025

- Nýtt viðskiptalíkan PLAY heldur áfram að þróast á jákvæðan hátt með skýra áherslu á arðbærustu þætti félagsins: sólarlandaflug og leiguverkefni.
- Handbært fé jókst á milli ára, úr 17,2 milljónum bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi 2024 í 21,1 milljón bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.
- Rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi 2025 var 58 milljónir bandaríkjadala, samanborið við 66 milljónir dala á sama tímabili 2024.
- PLAY flutti 286 þúsund farþega á fyrsta ársfjórðungi 2025, samanborið við 349 þúsund árið áður.
- Sætanýting á fyrsta ársfjórðungi 2025 var 77,2%, samanborið við 81,8% á sama tíma 2024.
- Breytingar á fjölda farþega og sætanýtingu á milli ára endurspeglar áherslu PLAY á leiguverkefni og að auka flug til sólarlanda.
- RASK var stöðugt, 4,10 bandarísk sent á fyrsta ársfjórðungi 2025, samanborið við 4,24 sent á sama tíma 2024.
- Meðaltekjur á hvern farþega hækkuðu um 1,2% milli ára.
- Tap eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2025 nam 26,8 milljónum dala, sem er framför frá 27,2 milljónum dala tapi á sama tímabili 2024.
- Sætaframboð til sólarlanda jókst um 17% milli ára á fyrsta ársfjórðungi 2025.
- PLAY tryggði langtímasamning um ACMI-leigu á fjórum farþegaþotum við SkyUp Malta til ársloka 2027.
- Stundvísi var 81,5% á fyrsta ársfjórðungi 2025.
- CASK var 6,06 bandarísk sent á fyrsta ársfjórðungi 2025 og hélst stöðugt á milli ára.
- Rekstrarniðurstaða (EBIT) var neikvæð um 21,7 milljónir dala á fyrsta ársfjórðungi 2025, samanborið við neikvæða 21,3 milljónir dala niðurstöðu á sama tíma 2024.
- PLAY er með 10 vélar í flota sínum en á fyrsta ársfjórðungi var ein þeirra í leiguverkefni og ígildi einnar vélar var í viðhaldi. Þar með var PLAY með 8 véla áætlun í fjórðungnum.
- PLAY var með 27 áfangastaði í leiðakerfinu á fyrsta ársfjórðungi 2025.



Rekstartengdir mælikvarðar		Q1 2025	Q1 2024	Change
Fjöldi fluga	fjöldi	2,006	2,317	-311
Fjöldi áfangastaða í rekstri	fjöldi	27	29	-2
Fjöldi flugvéla í rekstri	fjöldi	8	10	-2
Stundvísi	%	82%	88%	-6 ppt
Fjöldi farþega	þús.	286	349	-18%
Sætiskílómetrar (ASK)	millj.	1,097	1,280	-14%
Tekjur á farþegakílómetra (RPK)	millj.	847	1,046	-19%
Meðallengd flugleggja (km)	fjöldi	2,975	2,994	-1%
Sætanyting	%	77%	82%	-5 ppt
Fjöldi sæta í boði	þús.	386	426	-9%

### Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur	millj. USD	46.36	54.4	-8.0
Rekstrargjöld	millj. USD	58.00	66.0	-8.0
EBIT	millj. USD	-21.70	-21.3	-0.4
EBIT hlutfall	%	-47%	-39%	-8 ppt
Afkoma	millj. USD	-26.80	-27.2	0.4

### Efnahagsreikningur

Heildareignir	millj. USD	362.9	408.3	-45.40
Heildarskuldir	millj. USD	423.3	433.4	-10.10
Eigið fé	millj. USD	-60.4	-25.1	-35.30
Eiginfjárhlutfall	%	-16.6%	-6.1%	-10.5 ppt
Fé (handbært og bundið)	millj. USD	21.1	17.2	3.9

### Hlutabréf

Hlutabréfaverð í lok tímabils	per bréf	0.8	4.6	-3.8
Tap á hlut	US sent	-1.9	-4.0	2.10

### Lykilmælikvarðar

Flugtekjur per farþega	USD	102	101	1%
Hliðartekjur per farþega	USD	52	50	4%
Heildartekjur per farþega	USD	153	152	1%
TRASK	US sent	4.1	4.2	-2%
CASK (með eldsneytis- og kolefniskostnaði)	US sent	6.1	5.9	3%
CASK (án eldsneytis- og kolefniskostnaðar)	US sent	4.4	4.4	1%
CO <sub>2</sub> per RPK (grömm CO <sub>2</sub> per RPK)	fjöldi	64	62	4%
CO <sub>2</sub> útblástur í tonnum frá flugvélaolíu	fjöldi	54,324	64,710	-16%



## Einar Örn Ólafsson forstjóri PLAY:

„Ég er mjög ánægður með þann árangur sem við náðum á fyrsta ársfjórðungi 2025. Eins og við höfum áður greint frá hvílir meginþungi viðskiptalíkans okkar á tveimur lykilstoðum: flugi til sólarlanda og að tryggja arðbær leiguverkefni fyrir þann hluta flota okkar sem ekki nýtist í okkar framleiðslu. Ég er stoltur af því að segja að við erum að skila góðum árangri á báðum þessum sviðum.

Síðasta haust var tekin ákvörðun um að leggja meiri áherslu á sólarlandaflug frá Íslandi, og niðurstöðurnar eru þegar farnar að sjást. Við höfum aukið flug til vinsælla sólarlandaáfangastaða og framboðið heldur áfram að vaxa jafnt og þétt. Þetta er í samræmi við framtíðarsýn okkar um að byggja upp öflugt rekstrarmódel sem getur tekist á við árstíðarbundnar sveiflur, sem styður við sterka frammistöðu allt árið um kring.

Á sama tíma höfum við tryggt okkur leiguverkefni með SkyUp Malta Airlines. Þessi áfangi varpar ljósi á þá miklu aðlögunarhæfni sem býr í fyrirtækinu, að geta brugðist við breyttum markaðsaðstæðum og nýtt flotann á sem hagkvæmastan hátt til að tryggja stöðugar og fyrirsjáanlegar tekjur.

Þrátt fyrir að páskafrí hafi verið á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs, en í apríl á þessu ári, og að færri vélar voru í áætlun vegna leiguverkefnis og viðhalds, þá reyndust meðaltekjur á hvert flugsæti (RASK) nánast óbreyttar frá sama tímabili í fyrra, sem undirstrikar seiglu á rekstri okkar. Að auki héldum við EBIT og kostnaði stöðugum, sem sýnir aga í rekstri í öllu fyrirtækinu.

Fjárhagsstaða okkar hefur einnig batnað. Handbært fé í lok ársfjórðungsins er sterkara en á sama tíma í fyrra, sem veitir okkur svigrúm til að halda áfram að þróa starfsemina. Það er því ljóst að þær breytingar sem við höfum gert eru þegar farnar að skila árangri.

Það sem skiptir mestu máli er að horfur í rekstrinum eru jákvæðar og við förum inn í sumarið með öflugt, vel skipulagt leiðakerfi og jafnvægi í nýtingu flota, sem gerir okkur kleift að styrkja fjárhagsstöðu okkar.

Auðvitað mun það krefjast áframhaldandi einbeitingar, vinnuframlags og aðlögunarhæfni hjá okkur öllum í PLAY. Breytingar eru aldrei auðveldar, en þær eru nauðsynlegar og við höfum sýnt að við höfum bæði hæfileika og staðfestu til að ná árangri. Ég er fullkomlega sannfærður um að við munum, saman, halda áfram á þessari jákvæðu braut, yfirstíga þær áskoranir sem kunna að verða á leið okkar og ná markmiðum okkar.“



## Farpegatölur

PLAY flutti 286 þúsund farþega á fyrsta ársfjórðungi 2025, samanborið við 349 þúsund farþega á sama tímabili 2024. Sætanýting á fyrsta ársfjórðungi 2025 var 77,2%, samanborið við 81,8% á fyrsta ársfjórðungi 2024. Þessar tölur endurspeglar í áherslu PLAY á að auka sólarlandaflug og ACMI-verkefni.

Ein farþegapota úr flota PLAY var í ACMI-verkefni fyrir GlobalX í Miami, og leiðakerfið aðlagað að árstíðabundinni eftirspurn. Þróun sætanýtingar er í takt við aukna áherslu PLAY á sólarlandaflug til Suður-Evrópu, þar sem framboð jókst um 17% milli ára. Þó að sólarlandaflug skili hærri meðaltekjum á hvern farþega, byggir það að mestu á beinum ferðum án tengiflugs (VIA), sem hefur áhrif á sætanýtingu.

Af farþegum sem flugu með PLAY á fyrsta ársfjórðungi 2025 flugu 32% frá Íslandi, 40% til Íslands og 28% voru tengifarþegar (VIA).

Viðskiptavinakönnun okkar (NPS) sýnir verulega aukningu milli ára, úr 33 stigum á fyrsta ársfjórðungi 2024 í 49 stig á fyrsta ársfjórðungi 2025, eða 48% aukningu. Þetta er árangur af stöðugum umbótum á þjónustu við viðskiptavinum.

## Fjárhagsstaða

Heildartekjur PLAY á fyrsta ársfjórðungi 2025 voru 46,4 milljónir bandaríkjadala, samanborið við 54,4 milljónir dala á sama tímabili 2024. Þessi þróun endurspeglar breytingar á leiðakerfi PLAY, þar sem dregið var úr framboði og flugáætlun löguð betur að árstíðabundinni eftirspurn.

Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (RASK) á fyrsta ársfjórðungi 2025 voru 4,10 sent, samanborið við 4,24 sent á sama tíma 2024. Meðaltekjur á hvern farþega hækkðu um 1,2%, úr 152 USD í Q1 2024 í 153 USD í Q1 2025. Þó að sætanýting hafi lækkað um 4,6 prósentustig milli ára, héldu meðaltekjur uppi stöðugu RASK. Þetta náðist þrátt fyrir að pásakarnir féllu innan uppgjörstímabilsins 2024 en ekki 2025.

Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (CASK) á fyrsta ársfjórðungi 2025 var 6,06 bandarísk sent, samanborið við 5,91 sent á sama tímabili 2024.

Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra að undanskyldu eldsneyti (Ex-Fuel CASK) var 4,43 sent árið 2025, samanborið við 4,36 sent árið 2024 (með leiðréttingum í árslok 2024).

Rekstrarniðurstaða (EBIT) var neikvæð um 21,7 milljónir dala á fyrsta ársfjórðungi 2025, samanborið við neikvæðar 21,3 milljónir dala á sama tímabili 2024. Þetta þýðir að EBIT stóð í stað þrátt fyrir lægri tekjur.

Tap eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2025 nam 26,8 milljónum dala, samanborið við 27,2 milljónir dala árið áður.

Handbært fé PLAY í lok fyrsta ársfjórðungs 2025 nam 21,1 milljón dala, sem er aukning um 3,9 milljónir dala miðað við 17,2 milljónir dala í lok fyrsta ársfjórðungs 2024. Handbært fé í árslok 2024 nam 23,6 milljónum dala.



Lausafjárstaðan er sterkari samanborið við fyrra ár, sem endurspeglar betri rekstrarhorfur. Félagið leitar ávallt leiða til að tryggja lausafjárstöðu félagsins sem best, meðal annars með hagræðingu á veltufé en ef markaðsaðstæður breytast kemur til greina að auka hlutfé í félaginu eða dótturfélagi þess.

## **Horfur**

Viðskiptaáætlun PLAY heldur áfram að þróast með áherslu á sólarlandaflug frá Íslandi. Sólarlandaflug mun aukast um 7% árið 2025 miðað við 2024, þrátt fyrir að færri flugvélar verði gerðar út frá Keflavíkurflugvelli. PLAY verður með sjö vélar yfir háannatíma sumarsins, þar með talið eina aukaflugvél sem verður leigð til skamms tíma. Nýir sólarlandaáfangastaðir í sumar eru meðal annars Faro í Portúgal og Antalya í Tyrklandi.

Fjórar af tíu flugvélum fara í leiguverkefni fyrir SkyUp Malta Airlines frá og með vori/sumri 2025. Samningurinn gildir út árið 2027. SkyUp Malta tilheyrir JoinUp Group, sem á uppruna sinn sem ferðaskrifstofa í Úkraínu og rekur nú bæði flugfélag á Möltu og ferðaskrifstofur víða í Austur-Evrópu.

## **Frekari upplýsingar**

Forstjóri PLAY, Einar Örn Ólafsson, kynnir afkomu fyrirtækisins þriðjudaginn 29. apríl klukkan 16:00. Kynningin verður streymd á ensku í gegnum vefstreymi:

<https://www.flyplay.com/en/financial-reports-and-presentations>